

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
191. fundur – 30. júní 2014**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 30. júní 2014. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna Páls Stefánsson og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 190. fundar heilbrigðisnefndar frá 2. júní 2014 lögð fram.

1 Val á fulltrúum í heilbrigðisnefnd

Lagður fram tölvupóstur Kópavogsbæjar frá 26. júní 2014 þar sem fram kemur að bæjarstjórn Kópavogs hefur kosið í heilbrigðisnefnd:

Aðalmenn:

Jón Haukur Ingvason

Svava Hrönn Guðmundsdóttir

Varamenn

Kosningu var frestað

Lagður fram tölvupóstur Garðabæjar frá 25. júní 2014 þar sem fram kemur að bæjarstjórn Garðabæjar hefur kosið í heilbrigðisnefnd:

Aðalmaður:

Jón Bjarni Þorsteinsson

Varamaður:

Ingibjörg Hauksdóttir

Lagður fram tölvupóstur Hafnarfjarðarbæjar frá 20. júní 2014 þar sem fram kemur bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur kosið í heilbrigðisnefnd:

Aðalmenn:

Hörður Svavarsson

Fjölur Sæmundsson

Varamenn:

Hlini Melsteð Jóngeirsson

Árni Stefán Jónsson

2 Kosning formanns heilbrigðisnefndar og varaformanns til tveggja ára

Jón Haukur Ingvason var valinn formaður til tveggja ára og Hörður Svavarsson varaformaður til tveggja ára.

3 Starfsemi heilbrigðisnefndar

Farið yfir ýmis mál sem varða starfssvið heilbrigðisnefndar og lög, reglugerðir og samþykktir sem eru til grundvallar.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að reglulegir fundir nefndarinnar verði síðasta mánudag í mánuði kl. 16:15. Reglulegur fundur fellur niður í júlí og næsti reglulegi fundur verður 25. ágúst n.k.

4 Fundargerð 169. starfsmannafundar frá 25. júní 2014

4.1 Starfsleyfi

4.1.1 Iðnbúð 4, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Helga Einarssonar, f.h. Íslenskra Matvara ehf., kt. 551110-1090 dags.

28.05.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvælum að Iðnbúð 4, Garðabæ.

Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

4.1.2 Grandatröð 4-6, Hafnarfjörður – fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Lindu Hannesdóttur f.h. Ópal Sjávarfang ehf., kt. 620205-0600, dags. 03.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Grandatröð 4-6, Hafnarfirði.

Húshluti. Allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.3 Einihlíð 1, Hafnarfjörður – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Elínborgar Ben f.h. Hár - Ellý kt. 040269-4609, dags. 23.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Einihlíð 1, Hafnarfirði. Húshluti. bílskúr. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

4.1.4 Helluhraun 16, Hafnarfjörður – lyfjaverslun

Lögð fram umsókn Kristjáns P. Kristjánssonar f.h. Lyf og heilsa hf., kt. 650299-2649, dags. 10.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lyfjaverslunar að Helluhrauni 16, Hafnarfirði.

Húshluti: 2075378. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem húsnæði er ekki tilbúið.

4.1.5 Steinholti 1, Hafnarfjörður – Samkomusalur, veitingasala golfvöllur

Lögð fram umsókn Ólafs Þórs Ágústssonar f.h. Golfklúbbsins Keilis, kt. 680169-6919, vegna starfseminnar að Steinholti 1, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla-, mengunar- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

4.1.6 Álfrólsvægi 64, Kópavogur – niðurrif byggingar

Lögð fram umsókn Jóhanns Samúelssonar, f.h. J.S. Bygg slf., kt. 550903-3690, dags. 4.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Álfrólsvægi 64, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er staðfest afgreiðsla starfsleyfis til 15.07.2014.

4.1.7 Gnitaheiði 4, Kópavogur – niðurrif byggingar

Lögð fram umsókn Halldórs Svanssonar, f.h. Bak Höfn ehf., kt. 480403-2310, dags. 18.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Gnitaheiði 4, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða staðfest afgreiðsla starfsleyfis til 1.09.2014.

4.1.8 Huldubraut 31, Kópavogur – gistiheimili

Lögð fram umsókn Lovísu Ólafsdóttur, kt. 100765-5199, dags. 19.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Huldubraut 31, Kópavogi. Meðfylgjandi eru teikningar staðfestar af byggingafulltrúa dags. 31.07.2012. Húshluti: Sérbygging. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

4.1.9 Kópavogsbraut 1c, Kópavogur – hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Kristjáns Sigurðssonar f.h. Vigdísarholts ehf., kt. 580214-1180, dags. 18.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunarheimilis að Kópavogsbraut 1c, Kópavogi.

Húshluti: Allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4.1.10 Grundarhvarf 22, Kópavogur – hundaskóli

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. Hundaskóla Heimsenda., kt. 201264-3089, dags.

16.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hundaskóla að Grundarhvarfi 22 (Vatnsendabletti 72), Kópavogi. Húshluti: Allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

4.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

4.2.1 Steinholt 1, Hafnarfjörður – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 24.06.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Golfklúbbsins Keilis, kt. 680169-6919, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingasölu samkvæmt flokki II að Steinholti 1, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 30.06.2014 starfsleyfi fyrir samkomusal og veitingasölu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir veitingastofu.”

4.2.2 Strandgata 6, Hafnarfjörður – samkomuhús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 6.06.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Norður og niður ehf., kt. 560708-0840, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 12.06.2014 – 17.06.2014 frá kl. 20.00 – 23.00 fyrir 300 manns í Bæjarbíói Hafnarfirði. Jákvæð umsögn staðfest.

4.2.3 Skólabraut 2, Hafnarfjörður – gisting, tímabundið gistileyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 11.06.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fjörukrárinna, kt. 630490-1119, þar sem sótt er um tímabundið gistileyfi vegna Víkingahátíðar í kennsluhúsnæði að Skólabraut 2 í Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

4.2.4 Hagasmári 1, Kópavogur – kaffihús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 4.06.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kaffiveraldar ehf., kt. 540909-0830, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús samkvæmt flokki I að Hagasmára 1, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 2.06.2014 starfsleyfi til reksturs kaffihúss skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir kaffihús.”

4.3 Huldubraut 31, Kópavogur –gisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 12.06.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lovísu Ólafsdóttur, kt. 100765-5199, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu samkvæmt flokki I að Huldubraut 31, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 30.6.2014 starfsleyfi til reksturs heimagistingar skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir heimagistingu.”

4.4 Annað

4.4.1 Borgarholtsbraut, Kópavogur, sælgæti og gosdrykkir.

Lögð fram umsókn Helenu Guðjónsdóttur, f.h. Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks kt. 630692-2109 dags. 26.05.2014, þar sem sótt er um leyfi til sælgætissölu o.fl. í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. milli kl. 14-16 á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi.

Leyfisveiting staðfest.

4.4.2 Borgarholtsbraut, Kópavogur, pylsusala og sælgæti

Lögð fram umsókn Aldísar Gunnarsdóttur, f.h. Dansfélagsins Hvannar kt. 541195-2549, dags. 5.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til sælgætissölu í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi.
Leyfisveiting staðfest.

4.4.3 Borgarholtsbraut, Kópavogur, sælgæti og gosdrykkir

Lögð fram umsókn Jóhanna Guðmundsdóttir, f.h. Íþróttarfélagssins Gerplu kt. 700672-0429 dags. 5.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til sælgætissölu o.fl. í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. milli kl. 14-16 á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi.
Mælt með staðfestingu leyfis.

4.4.4 Borgarholtsbraut, Kópavogur, kaffi og vöfflusala

Lögð fram umsókn Maríu Fanndal Birkisdóttur, f.h. sunddeildar Breiðabliks kt. 430591-1429 dags. 4.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til vöfflusölu í anddyri Sundlaugar Kópavogs í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. milli kl. 14-16 á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi.
Leyfisveiting staðfest.

4.4.5 Borgarholtsbraut, Kópavogur, pylsusala og sælgæti

Lögð fram umsókn Heiðrúnar S. Níelsdóttur, f.h. Handknattleiksdeildar Kópavogs kt. 630981-0269, dags. 5.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til sælgætissölu í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi.
Leyfisveiting staðfest.

4.4.6 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 10.06.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ljósborgar ehf., kt. 600575-0319, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Breyting úr flokki I í flokk II. Málið var áður á fundi 2.06.2014 og ekki gerð athugasemd.
Jákvæð umsögn staðfest.

5 Vatnsvernd

5.1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 20. maí 2014.

5.2 Endurskoðun á heilbrigðissamþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Lögð fram til kynningar drög merkt 200614 sem send hafa verið stýrihóp um endurskoðun svæðisskipulags um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.

6 Hellisheiðarvirkjun

6.1 Undanþága frá ákvæðum reglugerðar um styrk brennisteins í andrúmslofti

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 5. júní 2014 til Orkuveitu Reykjavíkur þar sem veitt er tímabundin undanþága frá 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 514/2010, um styrk brennisteins í andrúmslofti.

6.2 Loftgæðamælingar við Lækjarbotna

Lagt fram afrit af erindi Orkuveitu Reykjavíkur til Kennararáðs og Foreldrafélags Waldorfsskóla frá 24. júní 2014. Í erindinu kemur m.a. fram að Orkuveita Reykjavíkur lítur ekki svo á að mælingar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis styðji þá fullyrðingu að styrkur brennisteinsvetnis hafi farið yfir ársmeðaltalsmörk í mælingum við Lækjarbotna.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„ Heilbrigðisnefnd hefur birt niðurstöður mælinga fyrir tímabilið 19. september 2013 til 29. janúar 2014 á loftgæðum í Lækjarbotnum í Kópavogi. Frávik vegna mengandi efna í umhverfinu gefa fullt tilefni til að bregðast við. Mælingarnar hafa staðið yfir í lengri tíma og verið aflagð með góðum mælitækjum.

Tækin hafa verið yfirfarin með aðstoð sérfræðinga þegar þess hefur þurft. Frumkvæðisskylda er hjá stjórnvöldum í aðstæðum eins og þarna til þess að veita upplýsingar um umhverfismál. Frávik vegna mengandi efna í umhverfinu gefa fullt tilefni til að bregðast við.”

6.3 Framhald loftgæðamælinga við Lækjarbotna

Með erindi dags. 2. apríl 2014 óskaði Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis atbeina Umhverfis- og auðlindaráðuneytis við að fá viðbrögð við mengun í Lækjarbotnum í Kópavogi. Lagt fram afrit af erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneyti frá 27. júní 2014 til Umhverfisstofnunar um framhald máls sbr. ofangreint erindi heilbrigðisnefndar til ráðuneytisins.

Fram kemur skilningur ráðuneytisins að framhald þessa máls verði á þá leið að Umhverfisstofnun muni sjá um að leiða málið áfram með viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir um viðbrögð við niðurstöðum þeirra mælinga sem nú liggja fyrir og hugsanlegra mælinga sem fram munu fara í Lækjarbotnum.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd ítrekar í ljósi fyrirbyggjandi gagna að brýnt sé að frekari loftgæðarannsóknir fari fram á svæðinu vegna skólastarfseminnar.”

7 Skipulagsmál

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 19. júní 2014 um kynningu á breyttu deiliskipulagi settjarnar við Fornahvarf.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við breytinguna.

8 Starfsleyfi í auglýsingum

Lögð fram auglýsing um starfsleyfistillögur samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999, um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Til kynningar eru frá 4. júní til 3. júlí 2014 tillögur að starfsleyfum fyrir eftirfarandi tvö fyrirtæki við Suðurlandsveg í Kópavogi:

- Grænt ehf. kjúklingabú, lífræna ræktun að Gunnarshólma
- Braga Sigurjónsson til geymslu og flokkunar að Geirlandi

Tillögurnar eru til kynningar frá 4. júní til 3. júlí 2014.

9 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 10. júní 2014.

10 Önnur mál

10.1 Samningur við Matvælastofnun um aðgang að eftirlitsgrunni.

Lögð fram til kynningar drög að samningi við Matvælastofnun um innleiðingu breytinga á eftirlitskerfi og aðgang að eftirlitsgrunninum ÍsLeyfi til notkunar við opinbert eftirlit með matvælum.

10.2 Árás hunds á kött

Lögð fram til kynningar lögregluskýrsla um árás hunds á húskött. Árásin leiddi til þess að aflífa þurfti köttinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45

Fjöltnir Sæmundsson

Gnýr Guðmundsson

Hörður Svavarsson

Jón Haukur Ingvason

Jón Bjarni Þorsteinsson

Svava H. Guðmundsdóttir